


Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík




Reykjavík, 23. mars 2009  
Tilvísun: UST20090300063/bs; bs

### **Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi að Hólmsá. Tillaga að matsáætlun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur umfjöllun í tillögu að matsáætlun um tvöföldun Suðurlandsvegar fullnægjandi, nema hvað varðar tengingar Suðurlandsvegar og Heiðmerkurvegar. Stofnunin telur að gera þurfí ítarlega grein fyrir hvernig fyrirhugað sé að standa að mannvirkjagerð á Heiðmerkurvegi einkum m.t.t. umfangs og sýnileika mannvirkja þar sem fyrirhuguð framkvæmd mun skerða friðlýst svæði. Gera ætti grein fyrir öðrum valkostum varðandi tengingu við Heiðmerkurveg, einkum með tilliti til þess hvort unnt sé að forðast að mynda fleyg milli Heiðmerkurvegar og Suðurlandsvegar með tveimur veggengingum. Slík afmörkun setur landnotkun á umræddu svæði sem ætlað er til útvistar verulegar skorður. Einnig ætti að gera grein fyrir hvort breyta verði reiðleiðum sem liggja um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefansson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri